

26. Frumvarp

til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kaптúnunum og sjávarþorpum.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í kaupstöðum, kaптúnunum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, málartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé að

ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til jarðrasks er leiðir af hafnarmannvirkjum, ruðningi á vörum og bátalendingum.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sinum hallað og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þess hefir orðið vart, sérstaklega á síðari árum, að sjórinn hefir talsvert brotið landið í nánd við sum kauptún og hefir það valdið skemmdum, sem nauðsynlegt hefir verið að bæta og fyrirbyggja, oft með miklum kostnaði fyrir ríkissjóð og hlutaðeigandi hreppa eða kauptún. Skemmdir þessar hafa venjulega stafað af því, að efni hefir verið tekið í fjörunni, sérstaklega grjót og möl í steinsteypu, garða, vegagerð o. þ. h. Malartaka þessi hefir ágerzt mjög hin síðari ár sökum þess hve það hefir farið í vöxt að nota steinsteypu í hús og gera upphlaðna vegi í kauptúnum. Það liggur í augum uppi, að þegar stórgryti og möl er tekið úr fjörunni, svo að aðeins sandur og laus jarðvegur verður eftir, etur sjórinn hann burt og hefir skaði sá, sem af þessu hefir hlotizt verið mjög bagalegur og hefir kostað stórfé að ráða bót á honum sumstaðar.

Til þess að koma í veg fyrir skemmdir þessar þykir full ástæða til þess að banna almennt grjót-, malar- og sandtöku í nágrenni kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa en heimila hana þó á sérstökum stöðum, þar sem hún er talin hættalaus að dómi sérfræðinga.

Um 1. gr.

Um þessa grein vísast til framanritaðra athugasemda og þarf hún eigi frekari skýringa.

Um 2. gr.

Það er álitamál hve stórt landssvæði eigi að friða fyrir malartöku og öðru jarðraski, en með ákvæðum greinarinnar mun sennilega vera náð fullu öryggi.

Um 3. gr.

Eins og að ofan getur virðist rétt að leyfa efnistöku í fjörum innan þess svæðis, sem til er tekið í 2. gr., ef ráðunautur ríkisstjórnarinnar í þessum málum, sem er vitamálastjóri, telur það hættulaust, en til frekari öryggis er rétt að ákvörðun vitamálastjóra megi skjóta til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa við.